

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugengi vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

1. gr.

Sé tollverð innfluttrar vöru eða einhver hluti þess tilgreindur í erlendri mynt skal breyta því eða hluta þess í íslenska mynt miðað við tollafgreiðslugengi eins og það er ákveðið samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Tollafgreiðslugengi er sölugengi erlendra myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands og í gildi er við opnun banka hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag. Skal tollafgreiðslugengi, þannig ákveðið, gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaks mánuð á eftir, enda fari fullnaðartollafgreiðsla viðkomandi vöru fram í þeim mánuði, sbr. þó 5. gr.

Tollafgreiðslugengi viðkomandi erlendra myntar skv. 1. mgr. fellur úr gildi ef skráning Seðlabankans á sölugengi hennar fellur niður eða tollafgreiðslugengi er breytt skv. 3. gr.

Hafi skráning á sölugengi erlendra myntar verið felld niður er fyrsta sölugengi myntar sem Seðlabankinn skráir að nýju það tollafgreiðslugengi sem gilda skal til loka mánaðarins, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Verði breyting, 5% eða meiri, á sölugengi einnar eða fleiri erlendra mynta milli gengisskráninga Seðlabankans ákveður fjármálaráðuneytið með auglýsingu nýtt tollafgreiðslugengi er gildi frá og með útgáfudegi þeirra Stjórnartíðinda sem hún er birt í til loka mánaðarins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Sé verð vöru tilgreint í erlendri mynt sem ekki er skráð í almennri gengisskráningu Seðlabankans skal tollafgreiða vöruna miðað við það sölugengi sem Seðlabankinn ákveður í hverju tilviki og skal það gilda til loka þess mánaðar þegar það var ákveðið, sbr. þó 5. gr.

5. gr.

Vöru sem hlotið hefur bráðabirgðatollafgreiðslu gegn tryggingu skv. 21. gr. tollalaga nr. 55/1987, skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi þegar bráðabirgðatollafgreiðsla fór fram, enda hafi verið gætt þeirra frestskilyrða sem tollstjóri setti þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt.

Ökutæki sem heimilaður hefur verið tímabundinn innflutningur á skv. 7. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til tollfrjáls innflutnings var veitt, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Ökutæki sem tímabundinn innflutningur hefur verið heimilaður á umfram einn mánuð og eigi eru endurúflutt, skulu tollafgreidd miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

Vörur sem heimilaður er tímabundinn innflutningur á samkvæmt öðrum ákvæðum tollalaga eða sérstökum heimildum skal tollafgreiða miðað við það tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar heimild til bráðabirgðatollafgreiðslu var veitt, enda hafi fjártrygging í peningum verið sett eða skuldarviðurkenning sem ber hæstu vexti verið gefin út til tryggingar greiðslu ríkissjóðsgjalda, vara verði eigi endursend og fullnaðartollafgreiðsla fari fram innan þess frests sem tollstjóri ákvað við veitingu heimildarinnar. Sé trygging sett með öðrum hætti skal miða við það tollafgreiðslugengi sem í gildi er við fullnaðartollafgreiðslu.

6. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við 21. gr. tollalaga og þeim reglum sem settar hafa verið með stoð í henni. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendra myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða fyrir gjaldeyrisyfirfærslur vegna innfluttra vara. Ríkissjóðsgjöld, við það miðað, skulu innheimt án frekara álags, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við það tollafgreiðslugengi sem gildi tekur er sölugengi erlendra myntar er skráð að nýju af Seðlabankanum og skal innflytjandi afhenda viðkomandi tollstjóra vegna lokauppgjörs fullnægjandi aðflutningsskjöl innan fimm virkra daga frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur. Liggi hins vegar fullnægjandi aðflutningsskjöl fyrir að mati tollstjóra skal hann gera aðflutningsgjöld upp samkvæmt hinu nýja gengi og senda innflytjanda mismun fjártryggingar og álagðra gjalda ásamt greiðslukvittun en krefja um viðbótargreiðslu reynist trygging ekki fullnægjandi.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 41/1985 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið sem hér segir:

Á 1. ársfjórðungi 1988:

Fyrir full afnot	kr. 3 190,00
Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu	kr. 1 062,00

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntaálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.